

122 manna, ber að skipta hlutfallslega ferðakostnaði læknisins og dagpeningum 22. nóvbr. milli hins opinbera og hins einstaka eða hinna einstöku manna.

3. Þá er landfarsótt kemur upp eða gengur yfir, enda sjeu teknar upp varnir gegn útbreiðslu hennar samkvæmt 2. gr. nefndra laga frá 1896, og læknis er vitjað til sjúklings til þess að segja um, hvort hann hafi landfarsóttina, ber að skoða slíka vitjun sem sjúkravitjun og greiða lækni eptir ákvæðum 4. gr. 1. tölul. í áðurnefndum lögum frá 1899. Ef lækni er ljóst, þá er hann sjer sjúkling í fyrsta sinni, að hann muni þurfa að sjá sjúklinginn aptur, þrisvar eða optar, þá má hann ekki reikna sjer meira en í mesta lagi 50 aura fyrir hverja af hinum síðari vitjunum sínum eða komum sjúklingsins. Í reikningi læknisins verður að tilfæra nafn hvers þess sjúklings, er vitjað er, og hið opinbera á að borga fyrir hann, svo og vitjunardag.

Borgun samkvæmt 5. gr. 4. tölul. í síðastnefndum lögum fyrir rannsókn á heilsufari manna eða edli sjúkdóms ber lækni þá að eins, ef rannsóknin er ekki jafnframt gerð til að veita læknishjálp, heldur eingöngu í því skyni, að gefa út yfirlýsingu um heilsufar þess, er rannsakaður er.

Reikningur yfir útilátin meðul skal tilgreina nafn og heimili sjúklingsins, svo og hvenær meðul hafi verið úti látin, hver, hve mikið, og verð meðalsins. Lyfseðlar (recept) skulu fylgja reikningnum sem fylgiskjöl, ef meðulin eru keypt í lyfjabúð, enda fylgi þá reikningur frá lyfsala.

Jafnframt því að láta hjer með fylgja til skýringar sýnishorn af reikningi læknis yfir kostnað við farsótt, skal eg beiðast þess, að þjer birtid brjef þetta öllum hjeraðslæknum landsins, og eruð þjer um leið beiðinn að brýna það fyrir þeim, að þeim beri að hafa vakandi auga á því, að allur tilkostnaður til varna gegn næmum sóttum verði sem minnstur, svo sem sóttthreinsunarkostnaður, sem í sumum læknishjeruðum hefir gengið fram úr öllu hófi, kaup hjúkr-unarkvenna, eptirlitsmanna o. s. frv.

123
14. nóvbr.

A u g l ý s i n g

um

bústaði hjeraðslækna

Samkvæmt 2. gr. laga nr. 24, 13. oktbr. 1899 um skipun læknishjeraða á Íslandi o. fl., og að fengnu þar um álitu hlutaðeigandi sýslunefnda, skal fyrst um sinn svo kveðið á um aðsetur hjeraðslækna í eptirnefndum læknishjeruðum:

1. Hjeraðslæknisins í *Síðuhjeraði*: á svæðinu milli Hörgár- og Geirlandsár.
2. Hjeraðslæknisins í *Mýradalshjeraði*: í kaптúninu Vík eða sem næst því.
3. Hjeraðslæknisins í *Rangárhjeraði*: í Hvolhreppi.
4. Hjeraðslæknisins í *Eyrarbakkahjeraði*: á Eyrarbakka eða Stokkseyri.
5. Hjeraðslæknisins í *Grímsneshjeraði*: í Skálholti eða þar í grend.

6. Hjeradslæknisins í *Keflavíkurhjeradi*: í Keflavík.
7. Hjeradslæknisins í *Kjósarhjeradi*: í Kjósinni miðsvæðis.
8. Hjeradslæknisins í *Skipaskagahjeradi*: í Akranesverzlunarstað.
9. Hjeradslæknisins í *Borgarfjarðarhjeradi*: nálægt Hitvá ekki neðar en móts við Þverárdal og ekki ofar en við Kálffossubru.
10. Hjeradslæknisins í *Mýrahjeradi*: öðru hvoru megin Hítarár, sem næst þjóðveginum.
11. Hjeradslæknisins í *Ólafsvíkurhjeradi*: í Ólafsvík.
12. Hjeradslæknisins í *Stykkishólms-hjeradi*: í Stykkishólmi.
13. Hjeradslæknisins í *Dalahjeradi*: á svæðinu milli Laxár í Laxárdals-hreppi og Laxár í Hvammshreppi sem næst þjóðveginum.
14. Hjeradslæknisins í *Flateyjarhjeradi*: í Flatey.
15. Hjeradslæknisins í *Reykhólahjeradi*: innarlega við Þorskafjörð sunnanverðan eða úti á Reykjanesi.
16. Hjeradslæknisins í *Bardastrandarhjeradi* á Geirseyri eða Vatneyri.
17. Hjeradslæknisins í *Þingeyrarhjeradi*: í kaupþúninu Þingeyri.
18. Hjeradslæknisins í *Nauteyrarhjeradi*: utarlega á Langadalsströnd.
19. Hjeradslæknisins í *Hesteyrarhjeradi*: á Hesteyri.
20. Hjeradslæknisins í *Strandahjeradi*: í Hólmavík eða þar sem næst.
21. Hjeradslæknisins í *Miðfjarðarhjeradi*: í Miðfirði á svæðinu framan frá sjó (Söndum og Ósi) að takmörkum Fremri Torfastaðahrepps.
22. Hjeradslæknisins í *Blönduóshjeradi*: á Blönduósi.
23. Hjeradslæknisins í *Saudárkrókhjeradi*: á Saudárkróki.
24. Hjeradslæknisins í *Hofsóshjeradi*: á Hofsósi eða Grafarósi.
25. Hjeradslæknisins í *Siglufjarðarhjeradi*: í Siglufjarðarkauptúni.
26. Hjeradslæknisins í *Höfðahverfishjeradi*: í Grenivík.
27. Hjeradslæknisins í *Reykdælahjeradi*: á Raudá, Últsbæ eða Ingjaldsstöðum.
28. Hjeradslæknisins í *Húsavíkurhjeradi*: í Húsavíkurkaupþúni.
29. Hjeradslækn. í *Axarfjarðarhjeradi*: á svæðinu frá Skinnastað að Núpi.
30. Hjeradslæknisins í *Þistilfjarðarhjeradi*: á Þórshöfn eða svæðinu frá Svalbarði að Syðra Lóni.
31. Hjeradslæknisins í *Vopnafjarðarhjeradi*: í Vopnafjarðarkauptúni.
32. Hjeradslæknisins í *Hróarstunguhjeradi*: á Stóra Steinsvaði, Litla Steinsvaði eða Ekru.
33. Hjeradslæknisins í *Fljótsdalshjeradi*: á Hrafnkelsstöðum eða Brekku, eða á einhverri á jörðunum milli Bessastadaár og Hrafngerði-ár.
34. Hjeradslæknisins í *Fáskrúðsfjarðarhjeradi*: á Búðum.
35. Hjeradslæknisins í *Berufjarðarhjeradi*: í Berufjarðarverzlunarstað eða þar í grenndinni.
36. Hjeradslæknisins í *Hornafjarðarhjeradi*: í Mýrahreppi sem næst Hornafjarðaróskauptúni.

Reykjavík 14. nóvbr. 1901.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Magnús Stephensen.

Jón Magnússon.